

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Mannauðsdeild Ráðhúss

---

### *Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um viðbrögð vegna útgjalda vegna langtímaveikinda*

Á fundi borgarráðs þann 6. september 2018 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um viðbrögð vegna útgjalda vegna langtímaveikinda.

Í árs hlutareikningi Reykjavíkurborgar fyrir janúar - júní 2018 kemur fram að útgjöld vegna langtímaveikinda hafi numið alls um 357 m.kr í grunnskólum, leikskólum og frístund og að gjaldfærð langtímaforföll í grunnskólum og leikskólum séu samtals 62 m.kr. umfram fjárheimildir á tímabilinu, sem bendir til þess að vandinn sé meira en gert var ráð fyrir. Þetta sýnir fram á að vandinn er augljóslega meiri en borgin gerir ráð fyrir. Draga má þá ályktun að mikið álag sé á starfsfólkinu í þessum störfum og geta langtímaforföll m.a. átt sér stað vegna útkeyrslu og kulnunar í starfi. Hafa ástæður þessara langtímaveikinda verið kannaðar? Er mögulega eitthvað í starfsumhverfi sem ýtir undir þessi langtímaveikindi? Hvernig hyggst borgin bregðast við þessum miklum langtímaveikindum starfsfólks síns? Hver hafa útgjöld verið vegna langtímaveikinda á þessum starfsviðum síðustu tíu ár? Hefur aukning átt sér stað í langtímaveikindum starfsfólks á þessum starfsviðum síðustu tíu árin?

Óskað var eftir umsögn mannauðsskrifstofu Ráðhúss um fyrirspurnina.

Fylgst er með álagi á starfsstöðum Reykjavíkurborgar með viðhorfskönnun sem er lögð fyrir alla starfsmenn með reglulegu millibili. Reykjavíkurborg hefur talið mikilvægt að horfa til forvarna í þessum málum og að búa til starfsumhverfi þar sem rík áhersla er lögð á heilsueflingu og þá þætti sem taldir eru draga úr upplifun á álagi. Ráðinn var verkefnastjóri heilsueflingar í fullt starf árið 2017 sem leitt hefur fjölmörg verkefni tengd heilsueflingu. Má þar helst nefna Heilsuleika Reykjavíkurborgar, lífsstílsþjálfun starfsmanna í samstarfi við Heilsuborg og vinnustofur um heilsueflandi stjórnun sem stóð öllum stjórnendum borgarinnar til boða. Jafnframt hefur Reykjavíkurborg staðið fyrir tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar frá árinu 2015 og fyrstu niðurstöður þess benda til þess að stytting vinnuvikunnar dragi úr veikindafjarvistum. Leitað var umsagnar mannauðsstjóra skóla- og frístundasviðs um þau atriði fyrirspurnarinnar er sneru sérstaklega að skóla og frístundasviði og er hún hjálögð.

Ragnildur Ísaksdóttir  
mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar

Hjálagt:  
Úmsögn mannauðsstjóra skóla- og frístundasviðs, ódags.